

Íslenska

Kennsluáætlun 3. bekkur V20

Rauði þráðurinn í öllu íslenskunámi í 3. bekk er að þjálfra lestur, lesskilning og að auka orðaforða nemenda.

Einnig kynnast nemendur nokkrum grunnatriðum íslenskrar málfræði og stafsetningu, þjálfast í ritun, upplestri, hlustun og töluðu máli.

Lestur, lesskilningur og orðaforði:

- **Yndislestur:** Allir morgnar hefjast á yndislestri þar sem hver og einn les bók að eigin vali
- **Heimalestur:** Nemendur lesa upphátt heima 5x í viku
- **Lestur námsbóka:** nemendur lesa saman og einstaklingslega námsbækur í hinum ýmsu fögum
- **Lesum saman korter á dag:** lestrarátak í samstarfi við skólabókasafnið
- **Upplestur:** nemendur lesa upphátt fyrir samnemendur t.d. úr sögubókum
- **Samlestur:** nemendur skiptast á að lesa upphátt úr námsbókum
- **Orð dagsins:** nemendur skiptast á að koma með orð dagsins að heiman og kynna fyrir samnemendum sínum

Málfræði:

Nemendur kynnast byrjunaratriðum í málfræði með fjölbreyttum hætti. Þau grunnatriði sem farið verður í eru:

- Lýsingarorð
- Sagnorð
- Nafnorð

- Sérnöfn og samnöfn
- Eintala og fleirtala
- Kyn
- Samsett orð
- Tvöfaldur samhljóði
- Ng og nk reglan
- N eða nn í enda orðs
- Stafrófið
 - Sérhljóðar
 - Samhljóðar

Ritun:

Nemendur þjálfist í að skrifa texta frá eigin brjósti og eftir forskrift. Einnig þjálfast nemendur í að draga rétt til stafs og læra grunnatriði í stafsetningu.

- Sögubók, fer heim u.þ.b. einu sinni í mánuði
- Skriftarbók, nemendur skrifa eftir forskrift
- Stafsetning
 - Glósubók, nemendur skrifa heima nokkur orð á viku
 - Sóknarskrift
- Myndasögugerð
- Atburðablöð
- Verkefnabækur
- Veggspjaldagerð
- Ljóðagerð

Talað mál, hlustun og áhorf:

Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega. Hlusta á aðra af athygli og átt góð samskipti.

- Umræður/samræður í kennslustundum

- Bekkjarfundir eru haldnir u.þ.b. einu sinni í viku
- Upplestur úr sögubókum
- Nestislestur, kennari les fyrir nemendur
- Leiksýning: nemendur æfa og sýna leikritið *Dýrin í Hálsaskógi*